



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 21. nóvember 2025

Breytingar á leyfisreglugerð og sektarákvæðum vegna leyfiskerfis.

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ 20. nóvember sl. voru samþykktar breytingar á reglugerðum KSÍ. Um er að ræða uppfærslu á leyfisreglugerð til samræmis við breytingar UEFA í haust og breytingar á sektarheimildum vegna leyfiskerfis. Breytingar ná til eftirfarandi reglugerða:

- Leyfisreglugerð KSÍ
- Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta í reglugerðum ásamt greinargerðum:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.
Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~.

Leyfisreglugerð KSÍ

- 4.2 Í reglugerðinni er ekki notuð kynjagreining, þannig vísar til dæmis orðið *leikmaður* jafnt til ~~beggia~~ **allra** kynja, o.s.frv.

Grein 67 – Uppgjörsaðili/-aðilar og uppgjörsumhverfi

1. Leyfisumsækjandi ákvarðar og afhendir leyfisveitanda upplýsingar um uppgjörseiningarnar/ uppgjörsumhverfið, þ.e. reikningsskilaaðilann eða þann hóp af aðilum/deildum sem reikningsskilin taka til (t.d. einstakan aðila, samstæðu eða samsettan ársreikning) í samræmi við viðauka IVA og sem er metinn í samræmi við viðauka VI.

Almennt er ekki reiknað með að leyfisumsækjandi á Íslandi sé með yfirráð yfir dótturfélögum. Þegar slíkt á við skulu útbúin sameiginleg fjárhagsgögn (samstæðuársreikningur) og lögð fram með leyfisumsókn hjá leyfisveitanda, eins og um væri að ræða eitt félag/fyrirtæki. Eftirfarandi málsgreinar gefa ýtarlegri viðmið um þetta.

2. Uppgjörseiningarnar verða að ná yfir:

- a) leyfisumsækjanda, og ef annar aðili, félagið sem er skráður meðlimur KSÍ / ÍSÍ,
- b) sérhvert dótturfélag leyfisumsækjanda, og ef annar aðili, félagið sem er skráður meðlimur KSÍ / ÍSÍ,
- c) sérhvern annan aðila óháð því hvort hann er hluti af lögformlegu félagasamsstæðunni, og skapar tekjur og/eða sér um þjónustu og/eða hefur í för með sér kostnað fyrir knattspyrnulega starfsemi, eins hún er skilgreind í málgrein 3 liðum a og b hér að neðan,

d) sérhvern aðila, óháð því hvort hún er hluti af lögformlegu félagasamstæðunni, sem skapar tekjur, og/eða sér um þjónustu og/eða hefur í för með sér kostnað fyrir knattspyrnulega starfsemi, eins hún er skilgreind í málgrein 3 liðum c til k.

3. Knattspyrnuleg starfsemi nær yfir:

- a) að hafa starfsmenn í vinnu eða ráða starfsmenn (eins og þeir eru skilgreindir í grein 73), og laun/þóknun til þeirra á hvaða formi sem það er, sem leiðir af samningum eða tengslum við lagalegar skyldur,
- b) kaup/sölu á skráningu leikmanns (lán innifalin),
- c) miðasölu,
- d) auglýsingatekjur og tekjur frá styrktaraðilum,
- e) útsendingar í útvarpi og sjónvarpi,
- f) sölu á stuðningsvörum og veitingarekstri,
- g) almenna starfsemi félagsins (stjórnun, starfsemi tengda leikdegi og ferðalögum, skoðun á leikmönnum),
- h) notkun og stjórnun leikvangs og æfingaaðstöðu,
- i) knattspyrnu kvenna,
- j) starfsemi yngri flokka og
- k) fjármögnun, þar með talið eigið fé sem leiðir til skuldbindinga fyrir leyfisumsækjanda, eða skuld sem er beint eða óbeint tryggð eða veðsett á móti eignum eða tekjum leyfisumsækjanda.

4. Aðeins má undanskilja félag frá uppgjörsumhverfinu, ef ~~þegar hefur verið gerð grein fyrir knattspyrnustarfseminni sem tilheyrir því í ársreikningi eins af aðilunum, sem teljast til uppgjörsumhverfisins, og:~~

- a) ~~þegar hefur verið gerð grein fyrir knattspyrnustarfseminni sem tilheyrir því í ársreikningi eins af aðilunum, sem teljast til uppgjörsumhverfisins, eða~~
- b) starfsemi þess er greinilega og alfarið á öðru sviði en knattspyrnu, eins og hún er skilgreind í málsgrein 3 hér að ofan, og ekki tengd staðsetningu, eignum eða merki félagsins, eða
- ~~b) c)~~ stærð þess er minniháttar samanborið við stærð heildarfélagsins/fyrirtækjanna sem tilheyra leyfisumhverfinu, og það stendur ekki neinni starfsemi á sviði knattspyrnu, eins og hún er skilgreind í málsgrein 3 liðum a og b.

5. Leyfisumsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu undirritaða af ábyrgum aðila sem staðfestir:

- a) að allar tekjur og kostnaður sem tengjast sérhverjum þætti knattspyrnustarfseminnar eins og skilgreint er í málsgrein 3 séu innifaldar í uppgjörsumhverfinu, en leggja fram nákvæma skýringu á því ef það er ekki tilfellið, og
- b) rökstyðja vandlega ef aðili, sem er hluti af lögformlegu skipulagi félagasamstæðunnar, er undanskilinn frá uppgjörsumhverfinu í ársreikningi uppgjörsaðila, með tilliti til málsgreinar 4.

Grein 91 – Ásættanleg frávik

1. Ásættanlegt frávik er mesti mögulegi heildarknattspyrnutekjuhallinn, sem leyfishafi getur verið með, þannig að hann teljist vera í samræmi við regluna um knattspyrnutekjur.
2. Ásættanlegt frávik er **5 milljónir evra**. Hallinn getur hins vegar farið yfir þessi mörk, og orðið að að hámarki **60 milljónir evra**, ef þessari upphæð er að öllu leyti mætt með framlögum á ~~uppgjörstímabili T~~ **eftirlitstímabili** eða eigin fé í lok uppgjörstímabils T.
3. Ásættanlegt frávik má að auki hækka um allt að **10 milljónir evra** fyrir hvert skýrslutímabil á eftirlitstímabilinu þar sem:

- a. leyfishafi hefur ekki sætt agaviðurlögum vegna eftirlitskrafna með félögum;
 - b. leyfishafi þarf ekki sæta samningi um sættir við CFCB; og
 - c. leyfishafi uppfyllir eftirfarandi fjárhagsskilyrði samanber viðauka J í *Reglugerð UEFA um leyfiskerfi félaga og fjárhagslega sjálfbærni (útgáfu 2024)*:
 - i) jákvætt eigið fé;
 - ii) lausafjárhlutfall/(quick ratio);
 - iii) sjálfbærar skuldir;
 - iv) rekstrarhæfi.
4. Ef eftirlitstímabilið samanstendur af bókhaldstímabili sem er lengra en eða styttra en 12 mánuðir skal leiðrétta ásættanlegt frávík upp á við eða niður í samræmi við fjölda mánaða á eftirlitstímabilinu.

Grein 93 – Viðeigandi fjárfestingar

1. Eftirfarandi kostnaður telst viðeigandi fjárfestingar í þágu knattspyrnunnar til lengri tíma eins og þær eru skilgreindar í viðauka J í Reglugerð UEFA um leyfiskerfi félaga og fjárhagslega sjálfbærni (útgáfu 2024):
 - a) Útgjöld sem rekja má beint til uppeldisstarfs ungmenna.
 - b) Útgjöld sem rekja má beint til starfsemi tengdri samfélagsþróun;
 - c) Útgjöld sem rekja má beint til starfsemi kvenna knattspyrnu;
 - d) Útgjöld sem rekja má beint til starfsemi utan knattspyrnu en tengist félaginu, að frádregnum samsvarandi tekjum;
 - e) Fjármagnskostnaður sem rekja má beint til byggingar og/eða verulegra breytinga á fastafjármunum;
 - f) Kostnaður við endurbætur á leigulóð.
2. Heimilt er að leiðrétta samanlagðar knattspyrnutekjur upp á við ef viðkomandi útgjöld innihalda fjárfestingar sem skipta máli en aðeins ef heildarfjárhæð slíkrar leiðréttingar er tryggð annað hvort með framlögum á ~~uppgjörstímabilinu~~ **eftirlitstímabili** eða með eigin fé í lok uppgjörstímabils T sem hefur ekki þegar verið notað til að standa undir ásættanlega frávíkinu.

Greinargerð:

Um er að ræða breytingar til samræmis við leyfisreglugerð UEFA. Breytingarnar ættu ekki að hafa mikil áhrif á aðildarfélög sem taka þátt í leyfiskerfi KSÍ en fyrst og fremst er verið að breyta viðmiði um viðeigandi fjárfestingar og ásættanleg frávík á þann veg að félög geta nú horft til lengra tímabils, þ.e. eftirlitstímabils, í stað einstaks uppgjörstímabils ef reglur þessar eiga við.

REGLUGERÐ KSÍ
um aga- og úrskurðarmál

14. grein – Leyfiskerfi KSÍ

- 14.1 ~~Aga- og úrskurðarnefnd~~ **Leyfisráð** KSÍ ákveður viðurlög við einstökum brotum á leyfiskerfi KSÍ að fengnum viðeigandi formlegum ábendingum og upplýsingum frá leyfisstjórn, sbr. það sem fram kemur hér í greininni.

Greinargerð:

Um er að ræða breyting til samræmis við lagabreytingu á 40. gr. laga KSÍ sem samþykkt var á 79. ársþingi KSÍ. Tilgangur lagabreytingar einfalda framkvæmdina með því að færa ákvörðun um viðurlög frá aga- og úrskurðarnefnd til leyfisráðs.

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaðan á netfangið axel@ksi.is eða í síma 510-2903.

Axel Kári Vignisson lögmaður,
yfirlögfræðingur KSÍ.